

Námskeið fyrir starfsmenn og
stjórnarmenn lífeyrissjóða á vegum
Landssamtaka lífeyrissjóða

Mars 2008

Tómas N. Möller

I. Hluti

1. Hlutverk og staða í þjóðhagslegu samhengi
2. Starfsheimildir lífeyrissjóða
3. Aðild að lífeyrissjóðum
4. Lágmarksiðgjald
5. Eftirlit með greiðslu iðgjalda
6. Iðgjaldsstofn
7. Iðgjaldagreiðslutímabil
8. Lágmarkstryggingavernd
9. Upplýsingaskylda
10. Endurgreiðsla iðgjalda

- Þriggja stoða kerfi
 - Almannatryggingar
 - Tekjutengdur lífeyrir frá 67 ára aldri
 - Sjóðmynduð samtrygging
 - Lífeyrir frá bilinu 65 til 70 ára (skerðing / aukning)
 - Séreign
 - Laus frá 60 ára aldri
- Starfsgreinasjóðir
- Lífeyriskerfi opinberra starfsmanna
- Lífeyrissjóðir með frjálsri aðild

Uppbygging þriggja stoða kerfis

	Opinbert kerfi með skylduaðild	Óopinbert kerfi með skylduaðild	Frjálst kerfi
Hlutverk/markmið	Tekjutilfærsla og samtrygging	Sparnaður og samtrygging	Sparnaður og trygging
Form	Tekjutengdur lágmarkslífeyrir eða flatur grunnlífeyrir	Einstaklingsbundinn eða atvinnutengdur sparnaður	Einstaklingsbundinn eða atvinnutengdur sparnaður
Fjármögnun	Skattar	Full sjóðsöfnun en opinbert eftirlit	Full sjóðsöfnun

Heimild: Alþjóðabankinn (1994).

Spá um þróun aldurssamsetningar frá 2002 til 2040

Samkvæmt ritinu Landshagir 2003 er líkleg aldursdreifing þessi:

Árið	0-19 ára		20-66 ára		67 ára og eldri		Samtals	
2002	86.631	30,0%	171.876	59,6%	29.966	10,4%	288.471	100,0%
2040	96.971	27,6%	188.559	53,7%	65.658	18,7%	351.188	100,0%

Dæmi um verðmæti lífeyrissparnaðar

Forsendur:

- Laun: 250.000
- Ávöxtun: 3,5%
- Lögbundið iðgjald: 12%
- Viðbótarlífeyrissparnaður: 6

Staða við 65 ára aldur (greiðslur + ávöxtun):

- Lögbundið iðgjald: 24,7 milljónir, þar af ávöxtun 13,2 milljónir
- Lífeyrissparnaður: 12,4 milljónir, þar af ávöxtun 6,6 milljónir
- Samtals: 37,1 milljón og þar af 19,8 milljónir í ávöxtun.

Af hverju skyldutrygging?

- Reynslan sýnir okkur að margir spara ekki af sjálfsdáðum
- Annari stoðinni ætlað að vera hluti af velferðarkerfinu
- Full þátttaka stuðlar að aukinni hagkvæmni
- Hætt við að þeir sem leggja fyrir þurfi að bera kostnað vegna þeirra sem ekki lögðu fyrir

Lífeyrissjóðakerfið

- Lífeyrissjóðakerfið “stofnað” 1969
- Skylduaðild frá 1974 fyrir launafólk
- Skylduaðild frá 1980 fyrir einyrkja
- Af öllum launum í áföngum frá 1987 til 1990.

- Lögin frá 1997
 - Skýrari rammi
 - 56% af meðallaunum
 - Séreignarlífeyrissparnaður

- Skyldutrygging
 - Lögboðin lágmarksvernd
 - Skilgreind iðgjöld (Defined contribution)
 - Samþætting sameignar og séreignar
 - Tryggingafræðileg úttekt

Almannatryggingakerfið

- Stofnað 1936
- 40 ára búsetuskilyrði
- Víðtæk lífeyrisvernd
- Tekjutenging
- Gegnumstreymiskerfi

Uppbygging lífeyrissjóðalaganna

- Skyldutrygging – tilteknar lágmarkskröfur
- Samþætting sameignar og séreignar
- Lífeyrissparnaður
- Sjóðmyndun – tryggingafræðileg úttekt
- Skilyrði fyrir starfsleyfi
- Fjárfestingarreglur
- Stjórnkerfi lífeyrissjóða
- Eftirlit FME

Uppbygging lífeyrisréttinda

- 12% lágmark (4+8)
- Full sjóðmyndun er meginreglan
- Lífeyrissparnaður (4% + 2%)
- Sameign og séreign

Lífeyrissjóðirnir

- 37 lífeyrissjóður með starfsleyfi
- Nokkrir sjóðir með meginhluta eigna
- Samskiptareglur lífeyrissjóða
- Margir atvinnutengdir
- Fjármálaráðherra veitir starfsleyfi
- Fjármálaeftirlitið annast eftirlit

Áhættuþættir sameignar

- Sameignarsjóðir
 - ávöxtun eigna
 - kaupmáttarþróun v. ávöxtunar
 - verðbólga
 - lífslíkur
 - örorka
 - fjölskyldumynstur
 - jöfn v. aldursbundinnar réttindaávinnslu
 - pólitísk áhætta

Áhættuþættir séreignar

- Sameignarsjóðir
 - ávöxtun eigna
 - verðbólga
 - kaupmáttarþróun v. ávöxtunar


 - að lifa sparnaðinn
 - takmörkuð vernd vegna örorku

Í hverju felst styrkur lífeyriskerfisins?

- Hagstæð aldurssamsetning
- Mikil atvinnuþátttaka
- Full sjóðasöfnun almenna kerfisins frá 1969
- Full sjóðasöfnun A-deildar LSR og LSS frá 1997.
- Hagstætt frjárfestingarumhverfi sl. ár
- Almenn sátt um kerfið

Þróun eigna lífeyrissjóða


Heimild: Seðlabankinn



Höf: Tómas N. Möller

Úr ársskýrslu FME 2007


Mynd 18 | Þróun hreinnar eignar lífeyrissjóða



Höf: Tómas N. Möller

Úr ársskýrslu FME 2007


Mynd 19 | Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða



Höf: Tómas N. Möller

Úr ársskýrslu FME 2007


Mynd 20 | Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra í árslok 2005 og 2006



Höf: Tómas N. Möller

Úr ársskýrslu FME 2007


Mynd 21 | Eignasamsetning samtrygginga- og séreignadeilda í árslok 2005 og 2006



Höf: Tómas N. Möller

Úr ársskýrslu FME 2007


Mynd 23 | Hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign lífeyrissjóða



Höf: Tómas N. Möller


Úr ársskýrslu FME 2007

Mynd 22 | Hlutfall hlutdeildaskírteina verðbréfasjóða (l. nr. 30/2003) og hlutabréfa af hreinni eign lífeyrissjóða



Úr ársskýrslu FME 2007


Mynd 24 Réttindaávinnslukerfi lífeyrissjóða m.v. hreina eign



Höf: Tómas N. Möller


Figure 4. Trends in pension fund assets relative to the size of the economy in OECD countries, 2001-2006
% GDP

4A. OECD countries with "mature" markets
(Pension assets >20% of GDP)




Source: OECD, Global Pension Statistics.

Figure 5. Relative share of DB and DC pension fund assets in selected OECD countries, 2006
% total pension assets



Source: OECD, Global Pension Statistics.

Figure 3. Importance of pension funds relative to the size of the economy in OECD countries, 2006
% GDP



Höf: Tómas N. Möller

II. hluti

- Hvað er lífeyrissjóður?
- Lágmarkstryggingavernd.
- Skipting ellilífeyrisréttinda milli hjóna.
- Almenn skilyrði lífeyrissjóðarekstrar.
- Tryggingafræðileg athugun og eftirlit.
- Slit og samruni.

Hvað er lífeyrissjóður?

Lífeyrissjóður er félag sem starfar á grundvelli starfsleyfis sem gefið er út af fjármálaráðherra og hefur það hlutverk að:

- taka á móti iðgjöldum
- ávaxta iðgjöld
- greiða út lífeyri á grundvelli samþykka

Lífeyrissjóði er óheimilt að:

- sinna annari starfsemi
- að greiða framlög í öðrum tilgangi en að sinna skilgreindri starfsemi sinni

Lagaákvæði um starfsheimildir lífeyrissjóða

2. mgr. 1. gr. Isl.

Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla, II. og III. kafla.

Úr 20. gr. Isl.: Um starfsheimildir lífeyrissjóða:

Móttaka, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðsla lífeyris (1. mgr.).

Iðgjöld og annað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs skal ávaxta sameiginlega með innlánnum í bönkum og sparisjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi er um ræðir í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 20. gr.

Lífeyrissjóði er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Lífeyrissjóði er heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum um innheimtu iðgjalda fyrir þá samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn.

Starfsleyfi

- Grundvöllur starfsleyfis er Isl. (129/1997) eða skv. heimild í sérlögum
- Fjármálaráðherra veitir starfsleyfi að fenginni umsögn FME
- Dæmi um lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt sérlögum:
 - Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
 - Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga
 - Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
 - Lífeyrissjóður bænda
- Lífeyrissjóðum er skylt og einum heimilt að nota í heiti sínu orðið „lífeyrissjóður“

Hverjir eiga að greiða í lífeyrissjóð?

Allir launamenn

Allir þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi

Frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

Til hvaða lífeyrissjóðs á að greiða?

Í kjarasamningum eru almennt ákvæði um:

- aðild að lífeyrissjóði,
- greiðslu lífeyrисиðgjalds og
- skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda

Í sumum tilvikum er mælt fyrir um þessa þætti í sérlægum.

Ef ekki er að finna ákvæði í kjarasamningum eða ef ráðningarbundin starfskjör eru ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa.

Aðild að lífeyrissjóði skal tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi.

Hve mikið á að greiða til lífeyrissjóðs?



Iðgjald skal ákveðið í sérlægum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Lágmarksiðgjald er nú 12%.

Dæmi um hærra iðgjald samkvæmt kjarasamningum:

- Opinberir starfsmenn sem greiða til LRS.
- Félag íslenskra atvinnuflugmanna.
- Bankamenn.

Hvenær á að greiða iðgjöld?

- **Launagreiðanda ber** að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt iðgjaldshluta sínum. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda að því er varðar innheimtu og skil á iðgjaldi vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
- **Reglulega** í hverjum mánuði.
- **Iðgjaldagreiðslutímabil** skal eigi vera lengra en mánuður.
- **Gjalddagi** er tíunda næsta mánaðar.
- **Eindagi** skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga.
- **Heimilt** er að setja nánari reglur í samþykktir eða reglur um lífeyrissparnað vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
- **Réttindi vegna aukaframlaga** í lífeyrissjóði umfram reglubundin framlög skulu reiknuð miðað við greiðsludag.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum og vörsluaðilum lífeyrissparnaðar ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrismiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

Hver er iðgjaldsstofninn?

12% lágmarksiðgjald er reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu.

Tilvísun til skattalaga

- Um stofn til iðgjalds er vísað til almenns ákvæðis tekjuskattslaganna þar sem mælt er fyrir um tekjuskattsstofn.
- Þar falla undir allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem eru skattskyld samkvæmt tekjuskattslögunum.
- Þeir sem eru með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu miða útreikning við svokallað reiknað endurgjald.

Undanþegið iðgjaldsstofni:

- Hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnaður, fæði og húsnæði.
- Endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrkir, dagpeningar og fæðispeningar.
- Eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir.
- Bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins.
- Slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarféлага.
- Bætur tryggingaféлага vegna atvinnutjóns af völdum slysa.

Innheimta vangoldinna iðgjalda

Eftirlit RSK með greiðslu iðgjalda og innheimta lífeyrissjóða

- **RSK** annast söfnun upplýsinga, vinnslu þeirra og útsendingu til lífeyrissjóða.
- **Lífeyrissjóðir** senda RSK upplýsingar um móttekin iðgjöld.
- **Launagreiðendur** senda RSK upplýsingar um iðgjöld.
- **Einstaklingar** telja fram iðgjöld á skattframtali.
- **RSK** vinnur upplýsingarnar og sendir lífeyrissjóðunum lista til að innheimta eftir.

Hvað gerist ef lögboðin iðgjöld eru ekki greidd? (nánar um fyrri glæru)

6. gr. Isl. um eftirlit RSK með greiðslu iðgjalda og innheimtu lífeyrissjóða

- **Ríkisskattstjóri** skal hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrissjóðir sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til.
- **Lífeyrissjóðir** og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar senda RSK upplýsingar um móttekin iðgjöld.
- **Launagreiðendur** og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi senda RSK upplýsingar um iðgjaldsstofn og greidd iðgjöld til lífeyrissjóða.
- **Einstaklingar** skulu gera grein fyrir greiddum iðgjöldu á skattframtali sínu eða með öðrum hætti sem RSK ákveður.
- **Að tekjuári liðnu sendir RSK** hverjum og einum lífeyrissjóði yfirlit vegna hvers manns sem er aðili að sjóðnum. Á grundvelli hans innheimtir viðkomandi sjóður vangoldin iðgjöld. Sé enginn lífeyrissjóður tilgreindur á framtölum eða skilagreinum launagreiðanda og lífeyrissjóða skal senda yfirlitið til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda sem skal þá innheimta iðgjaldið.

Um hlutverk lífeyrissjóða til innheimtu iðgjalda

Lífeyrissjóðum ber að innheimta vangoldin iðgjöld á grundvelli upplýsinga frá RSK skv. 6. gr. Isl.

- Nánari ákvæði um framkvæmd innheimtu eru í VI. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um syldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í samningum um lífeyrissparnað er gjarnan að finna umboð til handa lífeyrissjóðum til að annast innheimtu vangoldinna iðgjalda.

Lífeyrissjóðum ber að sinna slíkri innheimtu á grundvelli þess samnings.

Í 13. gr. Isl. kemur fram að

- Réttur til lífeyris samkvæmt lögum þessum reiknast frá þeim tíma sem iðgjald berst lífeyrissjóði.
- Iðgjöld launþega, sem launagreiðandi hefur sannanlega innheimt en ekki staðið lífeyrissjóði skil á, svo og iðgjaldshluta hans, skal meta að fullu til réttinda frá eindaga iðgjaldagreiðslu, enda hafi lífeyrissjóði borist vitneskja um iðgjaldsgreiðsluskyldu innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits yfir greidd iðgjöld sem lífeyrissjóðum ber að senda sjóðfélögum tvisvar á sinnum ári. skv. 18. gr.
- Lífeyrissjóður ber þó ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Endurgeiðsla og flutningur iðgjalda (19. gr. Isl):

Meginreglan er sú að iðgjöd sem renna til samtryggingardeilda lífeyrissjóða eru hvorki endurgreidd né flutt á milli sjóða.

Vörsluaðilum lífeyrissparnaðar er heimilt að leyfa færslu sparnaðar frá einum vörsluaðila til annars (9. gr. Isl).

Hvað best er vitað heimila allir vörsluaðilar slíkan flutning í reglum sínum.

Endurgreiðsla til erlendra ríkisborgara

- Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.
- Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.
- Af viðauka við EES-samninginn leiðir að ekki er heimilt að flytja iðgjöld vegna ríkisborgara innan EES svæðisins.

Þriggja stoða lífeyriskerfi

I. stoð

Tekjutengdur ellilífeyrir frá 67 ára
aldri. Hámark u.þ.b. 126.000.

Tekjutenging og pólitík

Almannatryggingar

II. stoð

Ævilangur lífeyrir, c.a. 56% af
meðallaunum, m.v. heila starfsævi,
almennt frá 65 til 70 ára +/- 5 ár.

Ávöxtun, lífaldur sjóðfélaga og
örorkubyrði.

**Samtryggingardeildir
lífeyrissjóða**

III. stoð

Lífeyrissparnaður í séreign. Laus til
útgreiðslu á 7 árum frá 60 ára aldri.

Ávöxtun, að lifa sparnaðinn.

**Lífeyrissjóðir,
bankar o.fl.**

Nokkur lykilhugtök

- **Skyldutrygging lífeyrisréttinda:** Sú skylda að eiga aðild að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum annarra aðila samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd.
- **Lágmarksiðgjald:** Iðgjald sem nemur a.m.k. 12% af iðgjaldsstofni og ákveðið er í sérlögum, kjara- eða ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.
- **Viðbótariðgjald:** Iðgjald umfram lágmarksiðgjald.
- **Lágmarkstryggingavernd:** Sú tryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir samkvæmt lögum eða samþykktum sínum miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds.
- **Viðbótartryggingavernd:** Sú tryggingavernd sem er umfram þá lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður skilgreinir og greitt er fyrir með greiðslu framlaga samkvæmt sérstökum samningi við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.-4. tölul. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.
- **Iðgjald til lágmarkstryggingarverndar:** Það iðgjald sem lífeyrissjóður reiknar að þurfi til að standa undir lágmarkstryggingarvernd.
- **Séreignarhluti iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar:** Sá hluti iðgjalds sem renna skal til séreignarmyndunar þegar lífeyrissjóður skilgreinir hluta lágmarkstryggingarverndar með séreignarréttindum.
- **Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar:** Þeir aðilar sem heimild hafa skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997 til að stunda starfsemi skv. II. kafla þeirra laga og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingarvernd, þ.e. lífeyrissjóðir, bankar, sparissjóðir, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, enda hafi þessir aðilar starfsstöð hér á landi.


II. Stoðin - Lögbundinn lífeyrissparnaður

- Launþegum og sjálfstætt starfandi aðilum ber að greiða a.m.k. 12% iðgjald.
- Lágmarksiðgjald ber að ráðstafa til öflunar tryggingaréttinda sem eru:
 - Lágmarkstryggingarvernd
 - 56% meðallauna m.v. 40 ár og 3,5% ávöxtun (reikniregla)m réttindaávinnsla 25 til 65 ára
 - **ævilangur ellilífeyrir**
 - **örorkulífeyrir**, með rétti til framreiknings
 - **makalífeyrir**, a.m.k. 50% af áunnum lífeyri maka í 24 mánuði eða til 18 ára aldurs yngsta barns
 - **barnalífeyrir**, tiltekin fjárhæð til a.m.k. 18 ára aldurs.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, nánar.

- **Hvað felst í skyldutryggingu lífeyrisréttinda?**
- **III. kafli LSL – grunnur**
- **Eðli samtryggingarinnar**
- **Elli-, örorku-, maka- og barnalífeyrir**
- **Samspil sameignar og bundinnar séreignar**
- **Jöfn réttindaávinnsla / aldursháð réttindaávinnsla**
- **Skipting réttinda á milli hjóna**
- **Upphaf töku lífeyris**

Samanburður á jafnri og aldurstengdri réttindaávinnslu



Lögbundinn lífeyrissparnaður, samantekt

- Tryggir ævilangan lífeyri
- Veitir mikilvæga tryggingu vegna örorku
- Fjölskyldulífeyrir
- Almenna reglan er nú aldursháð réttindaávinnsla
- Þeir sem geta valið sér lífeyrissjóð geta valið um samspil samtryggingar og séreignar

Lögbundinn lífeyrissparnaður – yfirlit yfir lágmarksréttindi í sameign

Ellilífeyrir, 56% af meðallaunum, m.v. framlag í 40 ár (frá 25 til 25 ára) og 3,5% ávöxtun.

- Ellilífeyrir er greiddur frá 65-70 ára aldri til æviloka.
- Heimilt er að flýta/seinka töku lífeyris um +/- fimm ár.


Örorkulífeyrir tekur mið af áunnum lífeyri eða framreikningi sem er 56% af launum s.l. 3ja ára, ef greitt hefur verið til sjóðsins:

- í s.l. 3 af 4 árum fyrir örorku og
- 6 mánuði af s.l. 12 fyrir örorku

Fullur makalífeyrir er 50% af áunnum örorkulífeyri sjóðfélaga við andlátíð m.v. 100% örorku

Mánaðarlegur barnalífeyrir, fram að 18 ára aldri er:

- 7.800 kr. vegna örorku sjóðfélaga
- 10.700 kr. vegna andláts sjóðfélaga



Nánar um örorkulífeyri

Skilyrði framreiknings:

- greitt í sjóðinn í a.m.k. 3 ár af sl. 4
- greitt í sjóðinn í a.m.k. 6 af sl. 12 mánuðum

- Áframhaldandi ávinnsla ellilífeyris.
- Viðmiðunarlaun, sl. 3 ár
- Fullur örorkulífeyrir m.v. 100% orkutap.
- Hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.
- Tekjumissir skilyrði
- Örorkumatið skal miða við hæfi sjóðfélaga til þess að afla sér launatekna
- Örorkulífeyrir ekki hærri en tekjumissir vegna örorku
- Ekki greiðslur fyrstu þrjá mánuði eða ef örorka varir skemur en sex mánuði (valkvætt)

Dæmi:

- 200.000 kr. laun + réttur til framreiknings = 120.000 örorkulífeyrir

Nánar um makalífeyri

Maki á rétt á lífeyri við fráfall sjóðfélaga ef sjóðfélagin:

- naut eftirlauna eða örorkulífeyris úr sjóðnum
- hefur greitt iðgjald í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða
- hefur öðlast rétt til framreiknings

Lágmarksgreiðslutími makalífeyris er 24 mánuðir eða

- til 18 ára aldurs barns sem sjóðfélagi hafði á framfæri sínu, enda annist makinn framfærslu þess eða
- ef makinn er 50% öryrki en þá er makalífeyrir greiddur meðan það ástand varir

Fullur makalífeyrir er 50% af áunnum örorkulífeyri sjóðfélaga við andlátið m.v. 100% örorku

Maki:

- sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga
- staðfestri samvist eða óvígðri sambúð

Réttur til makalífeyris fellur niður ef:

- makinn gengur í hjónaband á ný,
- stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða
- stofnar til staðfestrar samvistar

Nánar um barnalífeyri

- Mánaðarlegur barnalífeyrir vegna örorku: kr. 8.369*
- Mánaðarlegur barnalífeyrir vegna andláts: kr. 11.412*

Rétthafar:

- Fósturbörn, stjúpbörn og kjörbörn njóta sömu réttinda hafi sjóðfélagi annast framfærslu þeirra að mestu eða öllu leyti síðustu tvö ár fyrir andlát hans
- Barnalífeyrir er greiddur til 18 ára aldurs.

Sjóðfélagi þarf að hafa:

- greitt til samtryggingarsjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða
- notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða
- öðlast rétt til framreiknings samkvæmt

Ef örorka er metin lægri en 100% þá er barnalífeyrir hlutfallslega lægri.

* m.v. vísitölu framfærslukostnaðar í sept. 2006

Nánar um lágmarkstryggingavernd.

- Í 1. mgr. 2. gr. lífeyrslaganna er mælt fyrir um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða skuli vera a.m.k. 12% af iðgjaldsstofni. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði eldri laga um sama efni. Hins vegar var með lífeyrislögunum lögfest í fyrsta sinn skilgreining á þeirri lágmarkstryggingavernd sem hver lífeyrissjóður skal tryggja sjóðfélögum sínum, sbr. 4. gr. lífeyrslaganna. Þar er mælt fyrir um að lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir, miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds, skuli fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst og 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í örorkulífeyri á mánuði miðað við full réttindi til framreiknings samkvæmt lögunum. Það svarar til réttindaávinnslu sem nemur 1,4% af iðgjaldsstofni fyrir hvert ár. Einnig skal lágmarkstryggingavernd fela í sér að jafnað sé milli sjóðfélaga kostnaði vegna maka- og barnalífeyris samkvæmt ákvæðum laganna.
- Hverjum lífeyrissjóði ber að starfrækja samtryggingadeild, og eftir atvikum séreignadeild fyrir bundna séreign, sem veiti að lágmarki réttindi til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris eins og þau eru nánar skilgreind í III. kafla lífeyrslaganna. Lífeyrissjóði ber að tilgreina í samþykktum sínum það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann veitir.

Ráðstöfun iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda – Aðild að lífeyrissjóði.



- Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. lífeyrisslaganna skal aðild að lífeyrissjóði fara eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein eða sérlögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi einstaklingur sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Aðild að lífeyrissjóði skal ávallt tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi. Reyndin er sú að í flestum tilvikum er mælt fyrir um skylduaðild launamanna að tilteknum lífeyrissjóði í kjarasamningum.
- Þegar um skylduaðild að lífeyrissjóði er að ræða skal starfsmaður greiða það iðgjald til sjóðsins sem mælt er fyrir um í samþykktum hans sem er þá efnislega samhljóða ákvæði þess kjarasamnings sem mælir fyrir um aðild að viðkomandi lífeyrissjóði. Í þeim tilvikum þegar starfskjör eru ekki ákvörðuð í kjarasamningum er iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda ákveðið í ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Hverjum launamanni og sjálfstætt starfandi einstaklingi ber þó ávallt að greiða að lágmarki 12% af launatekjum sínum í lífeyrissjóð sem hefur starfsleyfi fjármálaráðherra. Sé ekki á annan hátt mælt fyrir um í kjarasamningum eða sérlögum, getur einstaklingur skipt iðgjaldi sínu á fleiri en einn lífeyrissjóð.
- Í þeim tilvikum þegar lífeyrissjóður skilgreinir sambættingu lágmarkstryggingaverndar þannig að hluti hennar byggir á bundinni séreign sjóðfélaga er sjóðfélögum heimilt að ráðstafa þeim hluta sem varið er í bundna séreign til annars aðila en viðkomandi lífeyrissjóðs. Það sama gildir um viðbótartryggingaverndina, þ.e. þann hluta iðgjalds sem er umfram það sem þarf til að uppfylla lágmarkstryggingavernd eins og hún er skilgreind hjá viðkomandi lífeyrissjóði.

Dæmi um ráðstöfun iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda.

Samkvæmt lífeyrislögunum getur skipting iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda verið með ýmsum hætti. Almennt má þó segja að lífeyrissjóðirnir fari að meginstefnu til tvær leiðir í þessum efnum. Hér er gerð grein fyrir því með hvaða hætti flestir lífeyrissjóðirnir skipta 10% lágmarksiðgjaldinu.

i) Iðgjaldi alfarið ráðstafað til samtryggingardeilda.

- Í langflestum sjóðum með skylduáðild er öllu lágmarksiðgjaldinu varið til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu. Sjóðfélagar ávinna sér þannig hlutdeild í samtryggingardeild viðkomandi lífeyrissjóðs. Eðli samtryggingadeildar er það að ekki eru bein tengsl á milli framlags til öflunar lífeyrisréttinda og þess sem sjóðfélagi, eða eftir atvikum maki hans eða börn, fá greitt í lífeyri. Það byggir á því að sjóðfélagi er tryggður ellilífeyrir til æviloka og eftir atvikum réttur til framreiknings vegna örorku. Þá er kostnaður samtryggingadeildar vegna maka- og barnalífeyris borinn sameiginlega af sjóðfélögum án tillits til þess hvort þeir eigi maka eða börn.
- Flestir lífeyrissjóðirnir sem fara þessa leið byggja á stigakerfi, þ.e. sjóðfélagi ávinnur sér rétt til lífeyris án tillits til aldurs þegar hann greiðir iðgjald til sjóðsins. Nokkrir lífeyrissjóðir bjóða hins vegar upp á aldurstengdar deildir. Í þeim deildum er réttindaöflunin háð aldri sjóðfélagsins þ.e. hún fer eftir því hversu lengi iðgjaldið verður í ávöxtun hjá viðkomandi lífeyrissjóði. Þá byggja lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóður bankamanna að hluta til á hlutfallsdeildum (sbr. B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins), þ.e. þá vinna sjóðfélagar sér inn réttindi sem eru hlutfall af launum þeirra.

ii) Lágmarkstryggingavernd samþætt úr samtryggingu og bundinni séreign.

- Nokkrir lífeyrissjóðir bjóða upp á samþættingu lágmarkstryggingaverndar í samtryggingu og séreign.
- Með samþættingu í séreign og samtryggingu er átt við að iðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda er að hluta til ráðstafað í samtryggingadeild og að hluta í séreignardeild (svo kallaða bundna séreign). Þegar til greiðslu lífeyris kemur fær sjóðfélagi bæði greiðslu úr samtryggingadeild og af séreign sinni sem samanlagt tryggja honum lágmarkstryggingu eins og hún er skilgreind af viðkomandi lífeyrissjóði. Í þeim tilvikum sem sjóðfélagi fellur frá áður en hann hefur fengið greidda út alla séreign sína fellur hún til erfingja hans og skiptist eftir ákvæðum erfðalaga.
- Ef ekki reynist nauðsynlegt að verja öllu lágmarksiðgjaldinu, þ.e. 12%, til öflunar lágmarkstryggingaverndar, er því sem umfram er varið í frjálsa séreign skv. II. kafla lífeyrisslaganna.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

viðauki úr samþykktum, sótt á www.live.is / 28. janúar 2008

VIÐAUKI

Réttindatöflur sem gilda frá og með 1. janúar 2006

Tafla I Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári

Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi	Aldur	Lífeyris réttindi
16	3.355	26	2.278	36	1.558	46	1.194	56	936
17	3.235	27	2.183	37	1.509	47	1.166	57	912
18	3.119	28	2.093	38	1.464	48	1.139	58	889
19	3.005	29	2.009	39	1.422	49	1.113	59	865
20	2.894	30	1.931	40	1.385	50	1.086	60	842
21	2.787	31	1.857	41	1.348	51	1.061	61	821
22	2.681	32	1.788	42	1.314	52	1.036	62	803
23	2.577	33	1.724	43	1.281	53	1.011	63	786
24	2.476	34	1.664	44	1.250	54	986	64	772
25	2.376	35	1.610	45	1.223	55	959	65	760
								66	751

Réttindi í jafnri ávinnslu eru meðaltal réttinda 25 til og með 64 ára eða 1.341 króna fyrir hvert 10.000 króna iðgjald.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

viðauki úr samþykktum, sótt á www.live.is / 28. janúar 2008

Forsendur:

Vextir 3,5% p.a. Dánarlíkur skv. reynslu 1999-2003. Örorkulíkur skv. reynslu sjóðsins 1998-2002. Kynhlutfall: Karlar 50%. Konur 50%.

Tafla II Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur

Taka ellilífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
66-67 ára	0,70%	66	8,40%
65-66 ára	0,65%	65	16,20%

Tafla III Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur

Taka ellilífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
67-68 ára	0,68%	68	8,16%
68-69 ára	0,77%	69	17,40%
69-70 ára	0,87%	70	27,84%

Tafla IV Árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 67 til 69 ára

Aldur	Lífeyris réttindi	Taka lífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Samtals hækkun	við aldur
				69	70
67	774	68	0,68%	8,16%	16,68%
68	798	69	0,71%		8,52%
69	824	70			

Tafla I - Leið I

Taflan sýnir árleg ellilífeyrirséttindi fyrir 10.000 kr. ársiðgjald sem fer til lágmarkstryggingaverndar

Lífeyrisaldur	70 ár
Lengd séreignar	0 ár
Lágmarksiðgjald	0,0767
Bundin séreign	0
Sameign	0,0767

Íslenski lífeyrissjóðurinn- réttindatafla

Aldur	Réttindi pr. 10.000 kr. iðgjald til sameignar	Réttindi pr. 10.000 kr. iðgjald til sameignar
16	4477	43 1783
17	4272	44 1741
18	4074	45 1700
19	3892	46 1660
20	3723	47 1621
21	3567	48 1583
22	3421	49 1546
23	3284	50 1509
24	3155	51 1474
25	3035	52 1439
26	2921	53 1405
27	2815	54 1372
28	2717	55 1341
29	2624	56 1310
30	2537	57 1281
31	2456	58 1253
32	2380	59 1227
33	2310	60 1201
34	2243	61 1176
35	2181	62 1152
36	2122	63 1129
37	2066	64 1104
38	2014	65 1071
39	1964	66 1028
40	1916	67 985
41	1870	68 941
42	1826	69 896

Höf: Tómas N. Möller

Tafla III - Leið III

Taflan sýnir árleg ellilífeyrisréttindi fyrir 10.000 kr. ársiðgjald sem fer til lágmarkstryggingaverndar




Lífeyrisaldur	70 ár
Lengd séreignar	10 ár
Lágmarksiðgjald	0,0883
Bundin séreign	0,0469
Sameign	0,0414

Íslenski lífeyrissjóðurinn- réttindatafla

Aldur	Réttindi pr. 10.000 kr. iðgjald til sameignar	Aldur	Réttindi pr. 10.000 kr. iðgjald til sameignar
16	8108	43	3161
17	7655	44	3129
18	7215	45	3098
19	6819	46	3069
20	6461	47	3041
21	6136	48	3015
22	5836	49	2990
23	5558	50	2967
24	5301	51	2947
25	5064	52	2929
26	4844	53	2915
27	4643	54	2906
28	4461	55	2901
29	4294	56	2903
30	4142	57	2911
31	4003	58	2926
32	3880	59	2949
33	3771	60	2979
34	3673	61	3014
35	3585	62	3053
36	3507	63	3093
37	3439	64	3132
38	3379	65	3105
39	3325	66	3013
40	3278	67	2912
41	3235	68	2802
42	3197	69	2683

Höf: Tómas N. Möller

Dæmi um samþættingu lágmarkstryggingar í samtryggingu og bundinni séreign mv. 12% iðgjald, 200.000 kr. laun og 3,5% ávöxtun:



III. hluti

Viðbótartryggingavernd og
séreignarsparnaður.

Nokkur lykilhugtök

- **Viðbótartryggingavernd:** Sú tryggingavernd sem er umfram þá lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður skilgreinir og greitt er fyrir með greiðslu framlaga samkvæmt sérstökum samningi við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.-4. tölul. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.
- **Iðgjald til lágmarkstryggingarverndar:** Það iðgjald sem lífeyrissjóður reiknar að þurfi til að standa undir lágmarkstryggingarvernd.
- **Séreignarhluti iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar:** Sá hluti iðgjalds sem renna skal til séreignarmyndunar þegar lífeyrissjóður skilgreinir hluta lágmarkstryggingarverndar með séreignarréttindum.
- **Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar:**
 - lífeyrissjóðir
 - bankar
 - sparisjóðir
 - líftryggingafélög
 - verðbréfafyrirtæki

III. Stoðin - Lífeyrissparnaður

- Hagkvæmt sparnaðarform.
- Mótframlag.
- Skattahagræði.
- Reglur um útgreiðslu.

Lífeyrissparnaður

- Einstaklingsbundinn sparnaður,
 - erfist
 - óháður líðfræðilegri áhættu
 - Frjálst val
- 4% + 2% + ávöxtun
- Útgreiðsla
 - Örorka
 - Andlát
 - Aldur, á 7 árum frá 60 ára aldri.
 - Eingreiðsla
- Flutningur milli vörsluaðila
- Heimilt að ráðstafa hluta iðgjalds til kaupa á persónutryggingum

Útgreiðsla lífeyrissparnaðar

Útgreiðsla frá 60 ára aldri

- Laus til útborgunar frá 60 ára aldri, á sjö árum frá 60-67 ára.
- Ef kosið er að hefja útgreiðslu síðar eftir 60 ára aldur er hægt að fá sparnaðinn greiddan í mánaðarlegum eða árlegum greiðslum á þeim tíma sem vantar upp á 67 ára aldurinn. Þannig getur til að mynda 65 ára einstaklingur tekið lífeyrissparnað sinn út í tveimur jöfnum árlegum greiðslum, þar sem 2 ár vantar upp á að hann nái 67 ára aldri..

Útgreiðsla vegna örorku

- Greiddur út á sjö árum, m.v. 100% orkutap, en lengri ef orkutap er minna.
- Orkutap þarf að vera a.m.k. 50%.

Útgreiðsla vegna fráfalls

- Erfist að fullu við fráfall eftir reglum erfðalaga.

Eingreiðsla

- Ef viðbótarlífeyrissparnaður er lægri en 715.850* er heimilt að greiða hann út í eingreiðslu við 60 ára aldur, vegna örorku eða fráfalls

Skattlagning viðbótarlífeyrissparnaðar

- Greiddur er almennur tekjuskattur af viðbótarlífeyrissparnaði, með sama hætti og af öðrum lífeyri. Það leiðir af því að framlag til viðbótarlífeyrissparnaðar er frádráttarbært frá skatti.

Til umræðu

- Kostir og gallar samtryggingar
- Kostir og gallar lífeyrissparnaðar
- Samspil samtryggingar og séreignar

IV. hluti

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og
ársreikningar og endurskoðun

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða

- Meginmarkmið með fjárfestingarreglum Isj.
- Kvóti v. Prudent manner principles
- Um mikilvægi fjárfestingarstefnu Isj.
- Um þýðingu eignadreifingar
- Skuldbindingar v. fjárfestingarstefna
- Gildi ólíkra eignaflokka
- Formreglur fyrir fjárfestingastefnu
- Eftirlit FME

Um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða

- Hlutverk stjórnar að móta fjárfestingarstefnu
- Áhætta v. ávöxtun
- Skuldabréf, hlutabréf, sjóðir og innlán
- Takmörkun á:
 - gjaldmiðlaáhættu
 - hlutabréfaáhættu
 - óskráðum bréfum

Sjónarmið sem líta þarf til

- Skuldbindingar
- Aldurssamsetning í samtryggingardeild
- Ólíkur aldur sjóðfélaga í séreign
- Val v. skylda
- 5% og 10% mörk við tryggingafræðilega úttekt
- Aukin áhætta = hærri vænt ávöxtun til lengri tíma
- Minni áhætta = lægri vænt ávöxtun til lengri tíma
- Áhættuþættir
- Þróun fjármálamarkaða

Tryggingafræðileg úttekt

- 39. gr. Isl.
- 5% og 10%
- Eignir, iðgjöld og skuldbindingar
- Lýðfræðilegir þættir
- Fjárfestingarstefna í ljósi framtíðarskuldbindinga
- Núvirða væntar iðgjaldsgreiðslur og lífeyrisgreiðslur m.v. 3,5%

Helstu áhættuþættir

- Lýðfræðileg áhætta
- Fjárfestingaráhætta
- Pólitísk / lagaleg áhætta

Dæmi um fjárfestingaráhættu

- Vaxtaáhætta (ávöxtunarkrafa)
- Verðbólga
- Endurfjárfestingaráhætta
- Gjaldmiðlaáhætta
- Gengi hlutabréfa
- Útgefandaáhætta

Dæmi um lýðfræðilega áhættu

- Aldur sjóðfélaga
- Örorkutíðni
- Hjúskaparstaða
- Fjöldi barna

Leiðir til að draga úr áhættu

- Yfirveguð fjárfestingarstefna
- Áhættudreifing
- Samspil ólíkra eignaflokka
- Traustir útgefendur
- Skráð bréf
- Afleiður
- Gengisvarnir
- Ólíkar ávöxtunarleiðir fyrir lífeyrissparnað

Leiðir til að draga úr áhættu, frh.

- Stjórnkerfi lífeyrissjóða
- Eftirlit FME
- Fjárfestingarstefna
- Krafa um góða stjórnarhætti

Helstu sjónarmið að baki reglum Isl. um fjárfestingarheimildir

- Lögbundinn lífeyrissparnaður
- Áhættudreifing
- Miklir hagsmunir
- Umboðsvandi
- Misjöfn þekking og reynsla einstakra sjóða
- Innlend og erlend dæmi um mistök

Helstu efnisatriði Isl. um fjárfestingarheimildir

- Hámarksávöxtun að teknu tilliti til áhættu, sbr. 1. mgr. 36. gr. Isl.
- Kvótareglur 36. gr. Isl.:
 - Einstakir flokkar verðbréfa
 - Skráð/óskráð
 - Hlutabréf
 - Gjaldeyrisáhætta
 - Útgefendur
 - Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir v. aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.
 - Hámark á hvern útgefanda

Helstu efnisatriði Isl. um fjárfestingarheimildir, frh.


- Veðsetning fasteigna
- Bann við fjárfestingum í fasteignum,
 - takmarkaðar undanþágur
- Bann við lántöku
 - takmarkaðar undanþágur
- Um lán til stjórnarmanna

Yfirlit yfir kvótatakmörkanir 36. gr. Isl.

	Ríki	100%
3. mgr.	Oskráð bréf annara en ríkis	10%
4. mgr.	Skuldabréf sveitarfélaga	50%
	Bankabréf	50%
	Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	50%
	Önnur verðbréf	50%
	Hlutabréf	60%
	Hlutabréf + aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	60%
	Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu án opinbers eftirlits	10%
5. mgr.	Á einn útgefanda (á ekki við ríkisbréf)	10%
	Á einn útgefanda vegna annara verðbréfa	5%
	Verbréf útgefin af banka/sparisjóði + innlán hans	25%
	Hlutabréf í einstöku fyrirtæki	15%
	Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	15%
	Verðbréfasjóðir	25%
	Fjárfestingarsjóðir	25%
	Innlán sama banka eða sparisjóðs	25%
	Undanþága vegna þjónustufyrirtækja lífeyrissjóða	100%
6. mgr.	Gjaldeyrissáhlætta	50%

Mynd af 36. gr. Isl.

Yfirlit yfir takmarkanir 36. gr. lífeyrissjóðalaganna



Höf: Tómas N. Möller

V. hluti

Starfsleyfi lífeyrissjóða,
rekstur og innra eftirlit,
um hlutverk stjórna og
framkvæmdastjóra.

Stjórnkerfi lífeyrissjóða

- Stjórn
- Framkvæmdastjóri
- Endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili (frumkvæðisskylda)
- Tryggingafræðingur (frumkvæðisskylda)
- Endurskoðandi (frumkvæðisskylda)
- Ársfundur

Nokkur atriði sem skipta máli við mat á stjórnskipulagi lífeyrissjóða

- Hlutverk stjórna lífeyrissjóða
- Hlutverk framkvæmdastjóra
- Kröfur til þess sem stýrir eignum
- Úthýsing
- Hvers konar stjórnskipulag tryggir best hagsmuni sjóðfélaga og annarra rétthafa?

- Lokaður sjóður, t.d. LSR
- Opinn sjóður, með skilduaðild, t.d. Lífeyrissjóður verslunarmanna
- Opinn sjóður, án skylduaðildar, t.d. Íslenski lífeyrissjóðurinn

NB. Óheimilt að flytja inngreiðslur milli sameignadeilda.

Stjórnarmenn

- Starfsgreinasjóðir – Fulltrúalýðræði
- Frjálsir sjóðir – vörsluaðili og sjóðfélagar
- Umboðsvandi
 - svik
 - innherjaupplýsingar
 - markaðsmisnotkun (market manipulation)
 - “félagsleg sjónarmið”
 - halda störfum og fyrirtækjum í rekstri

Um stjórnkerfi íslenskra lífeyrissjóða

Höf: Tómas N. Möller

Almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar

- Starfsleyfi – “Lífeyrissjóður”
- Móttaka, varðveisla og ávöxtun iðgjalda
=> Greiðsla lífeyris.
- Fyrirfram kunngerð fjárfestingarstefna.
- Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum
aðra starfsemi
- Lífeyrissjóði er ekki heimilt að inna af
hendi framlög í öðrum tilgangi.

Hlutverk stjórnar

- Hlutverk stjórnar skilgreint í lögum og samþykktum.
- Tryggingafræðileg athugun.
 - Send FME fyrir 1. júlí ár hvert
- Ábyrgð á starfsemi sjóðsins.
- Almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna.
- Starfsreglur og tillögur til breytinga á samþykktum á ársfundi.

Hlutverk stjórnar, frh.

- Að ráða framkvæmdastjóra
- Að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.
- Að mótar fjárfestingarstefnu.
- Setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins,
- Setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.
- Ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis.
- Láta framkvæma tryggingafræðilega athugun.
- Boða til ársfundar.

Hæfi stjórnarmanna

Almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna:

- Lögráða
- Fjárráða
- Óflekkað mannorð (Lög um kosningar til Alþingis)
- Hafa ekki á síðustu fimm árum, í tengslum við atvinnurekstur, fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.
- Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Sérstakt hæfi

- Um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga.

Ársfundur

- Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með umræðu- og tillögurétti.
- Atkvæðisréttur skal vera í samræmi við samþykktir.
- Ársfundur skal boðaður með tryggilegum hætti.

Á ársfundi skal gera grein fyrir:

- - skýrslu stjórnar
- - ársreikningum,
- - tryggingafræðilegum úttektum,
- - fjárfestingarstefnu,
- - tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Framkvæmdastjóri:

- Daglegur rekstur skv. fyrirmælum stjórnar
- ATH. ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar
- Leyfi stjórnar til þátttöku í atvinnurekstri
- Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri

Hæfi:

- Menntun, starfsreynsla og starfsferill þannig að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.
- Almennar reglur um hæfi stjórnarmanna

Fjárfestingar

- Sérfræðingur hæfur til að sinna eignastýringu verðbréfasafna
- Menntun og starfsreynsla

Ársreikningur og endurskoðun

- Stjórn og framkvæmdastjóri undirrita ársreikning.
- Mótbárur stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra
- Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.
- Skýrsla stjórnar
- Löggiltur endurskoðandi endurskoðar reikninga.
- Ársreikningar til FEM – birtir

Eftirlit, slit og samruni

Innra eftirlit

- Endurskoðunardeild / sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili
 - skráning iðgjalda og útreikningur lífeyrisréttinda
 - tillaga að skipulagningu innra eftirlits
 - eftirlit með fjárfestingum.
- Nær til úthýstrar eignastýringar

Opinbert eftirlit

- FME
- Ríkar eftirlitsskyldur og heimildir.

Umsjónaraðili, slit og samruni.

(Kannast við efni kaflans)

- Starfsskilyrði.
- FJR getur skipað tilsjónaraðila skv. tillögu FME.
- Að tillögu umsjónaraðila getur ráðherra ákveðið slit lífeyrissjóðs.
- Stjórn ákveður slit/samruna lífeyrissjóðs, nema sérákv. í samþykktum.

Á næstu glærum er yfirlit yfir nokkur ákvæði sem ætlað er að tryggja góðan rekstur lífeyrissjóða

Starfsleyfi, samþykktir og lífeyrissparnaður

25. gr. Isl. - Starfsleyfi

- Fjármálaráðherra veitir starfsleyfi og samþykkir breytingar á samþykktum að fenginni umsögn FME.

10. gr. Isl. - Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar

- Fjármálaráðherra staðfestir reglur fyrir lífeyrissparnað og breytingar á þeim að fenginni umsögn FME.

Tryggingafræðileg úttekt

24. og 39. gr. Isl. - Tryggingafræðileg úttekt

- Árlega skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. og ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Tryggingafræðileg athugun skal send FME fyrir 1. júlí ár hvert.
- Tryggingafræðingi lífeyrissjóðs er skylt að skýra stjórn sjóðsins þegar í stað frá því ef tryggingafræðileg úttekt leiðir í ljós að sjóðurinn stendur ekki við skuldbindingar sínar. Hann skal skila tillögum til úrbóta til stjórnar og gera FME viðvart.

Verðbréfavíðskipti stjórnar og fjárfestingarstefna

29. gr. Isl. - Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti.

- Stjórn lífeyrissjóðs setur verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.

Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

36. gr. Isl. - Fjárfestingarstefna

- Stjórn mótar fjárfestingarstefnu.

Stefnan send FME fyrir 1. desember ár hvert.

Ársreikningar og skýrsla stjórnar

40. gr. Ársreikningar

- Stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár.

43. gr. Birting ársreikninga

- Senda skal FME endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðs ásamt skýrslu stjórnar þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Meginniðurstöður ársreiknings skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem FME ákveður.

41. gr. Isl. Skýrsla stjórnar.

- Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Endurskoðun og birting ársreikninga

42. gr. Isl. Endurskoðun

- Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal gerð af löggiltum endurskoðanda. Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins, svo og ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um starfsemina hafi verið brotnar, skal hann þegar í stað gera stjórn sjóðsins og FME viðvart.

Eftirlit FME

44. gr. Eftirlit FME

- FME hefur eftirlit með að starfsemi lífeyrissjóða.
- FME hefur aðgang að öllum gögnum.
- FME getur mælt fyrir um gerð tryggingafræðilegrar athugunar á öðrum forsendum en gefnar eru í reglubundnum athugunum sjóðsins telji eftirlitið að hagur sjóðsins gefi tilefni til þess.
- FEM kallar eftir gögnum frá stjórn og framkvæmdastjóra ef það hefur ástæðu til að ætla að alvarlegur brestur sé í rekstri sjóðs.
- Telji FME rekstur sjóðs ekki í samræmi við lög og aðrar reglur veitir það sjóðnum hæfilegan frest til úrbóta, nema brot sé alvarlegt.
- FME getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum lífeyrissjóða, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi lífeyrissjóði.

Hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

31. gr. Isl. - Um hæfi stjórnarmanna

- Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera
 - lögráða,
 - fjár síns ráðandi,
 - hafa óflekkað mannorð og
 - mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.
- Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- Um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga.

31. gr. Isl. – Hæfi framkvæmdastjóra

- Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Að öðru leyti fer um hæfi framkvæmdastjóra eftir þeim reglum sem gilda um hæfi stjórnarmanna.

34. gr. – Um hæfi og ráðgjöf vegna ávöxtunar

- Lífeyrissjóður skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hæfur er til að sinna eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu.
- Lífeyrissjóður sem býður upp á tvo eða fleiri valmöguleika varðandi ávöxtun lífeyrисиðgjalda eða ávinnslu lífeyrisréttinda skal hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem hæft er til að sinna ráðgjöf í þeim efnum.

Gæta skal þess að ráðgjöf sé sett fram á hlutlægan og faglegan hátt og taki mið af hagsmunum hvers sjóðfélaga.

Lífeyrissjóður skal enn fremur láta útbúa skriflegt kynningarefni þar sem gerð er grein fyrir kostum og göllum einstakra valkosta miðað við mismunandi forsendur.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi lífeyrissjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu lífeyrissjóðanna.

Upplýsingar til sjóðfélaga

18. gr. Upplýsingar til sjóðfélaga

- Hver lífeyrissjóður skal halda skrá um þá sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum með öðrum hætti en greiðslu iðgjalda.
- Sjóðfélagi á rétt á aðgangi að upplýsingum er varða hann sjálfan.
- Lífeyrissjóður skal samhliða greiðsluyfirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum.
- Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.
- Lífeyrissjóðir skulu senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum.
- Sjóðfélagi á rétt á að lífeyrissjóður rökstyðji skriflega ákvörðun er hann varðar. Í rökstuddri ákvörðun skal getið um rétt sjóðfélaga til að skjóta ákvörðun til gerðardóms, sbr. 33. gr.

Launþegar frá EES svæðinu

19. gr. a.

- Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar skulu hafa tiltækar upplýsingar fyrir sjóðfélaga, sem flytjast til annarra aðildarríkja á EES, til EFTA ríkja eða Færeyja um áunnin lífeyrisréttindi þeirra úr lífeyriskerfum sem falla ekki undir reglugerð ESB, um almannatryggingar nr, 1408/71, með hvaða hætti þau verði varðveitt, hvort unnt sé að flytja þau til erlendra sjóða og hvert beri að snúa sér þegar þau verða virk.

Nokkrar gagnlegar heimasíður:

- www.ll.is
- www.gottadvita.is
- <http://www.fjarmalaraduneyti.is/helstu-vidfangsefni/lifeyrismal/>
- www.fme.is
- www.sedlabanki.is

- www.atp.dk
- www.calpers.com
- www.europa.eu.int
- www.ipe.com

Helstu réttarheimildir:

- Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ásamt greinargerð
- Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

- Reglugerð nr. 391/1998, um um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar.

- Reglur og tilmæli Fjármálaeftirlitsins:
 - Reglur um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun (966/2001)
 - Reglur um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða (687/2001)
 - Reglur um endurskoðun lífeyrissjóða (685/2001)
 - Reglur um breytingu á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða (765/2002)
 - Reglur um breytingu á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða (765/2002)
 - Reglur um breytingu á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða, með áorðnum breytingum sbr. reglur nr. 765/2002. (1067/2004)

- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2003 um túlkun og framkvæmd reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd

Takk fyrir